

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 29. október 2020
14. mál, 151. löggjafarþing 2020–2021

Umsögn Foreldrajafréttis um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna

Foreldrajafrétti barst þann 15. október sl. frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis til umsagnar frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, 14. mál, 151. löggjafarþing 2020–2021.

Félagið vissulega fagnar því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að atvinnurekendur geri nauðsynlegar ráðstafanir til að gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu, óháð kyni. Einnig að óheimilt verði að láta fæðingar- og foreldraorlof eða aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði hafa neikvæð áhrif á ákvarðanir um stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, símenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn, vinnuaðstæður og vinnuskilyrði starfsfólks. En þar með er upptalið það jafnrétti sem foreldrum er sérstaklega ætlað njóta samkvæmt frumvarpinu.

Um jafnréttisráð segir í frumvarpinu að það þyki mikilvægt að fulltrúar þess endurspegli þekkingu á mörgum sviðum jafnréttismála. Horfir því skökku við að ekki er lengur gert ráð fyrir fulltrúa frá Félagi um foreldrajafrétti í ráðinu, en félagið hefur hvað mest haldið á lofti umræðunni um kynjamismun þegar kemur að málefnum barna og foreldra þeirra. Sérstaklega þegar kemur að möguleikum feðra til þátttöku í umönnun barna og kerfisbundinni mismunun á foreldrum þegar foreldrar deila ekki heimili.

Fjölmörg dæmi eru um að stjórnvöld og stofnanir svo sem barnavernd, félagsþjónusta, leik- og grunnskólar, sýslumenn, lögregla og fleiri bregðist við erindum foreldra með gjörólíkum hætti út frá kyni foreldris og taki gjörólíkar ákvarðanir gagnvart foreldrum út frá kyni foreldris. Slík viðbrögð og ákvarðanir taka aldrei mið af hagsmunum eða þörfum barns enda eingöngu byggt á kyni foreldris. Þá er foreldrum sem ekki búa saman gróflega mismunað á margvíslegan hátt varðandi opinberan stuðning, aðgengi að upplýsingum og almenn réttindi sem nauðsynleg eru til að gegna forsjárskyldu gagnvart barni. Þess ber að gæta að mæður eru lögheimilisforeldrar í yfirgnæfandi meirihluta.

Umræðan um foreldrajafrétti og þátttöku feðra í umönnun barna hefur orðið til þess að foreldrar á Íslandi eru langt á undan löggjafanum og stjórnvöldum í hugsuninni um foreldrajafrétti. Þannig reyna margir foreldrar sem eiga fleiri en eitt barn saman að skrá börn sín á sitt hvort heimilið. Þannig draga foreldrar úr kerfisbundinni mismunun, báðir foreldrar hafa hag af því að vera með góða foreldra-samvinnu, meiri líkur eru á að tvö heimili barns séu í nágrenni við hvort annað og minni líkur eru á deilum á milli foreldra. En þá koma upp ný vandamál þar sem foreldrum er synjað um systkinaafslátt hjá sveitarfélögum, leik- og grunnskólum og víðar. Börnin eru áfram systkin og enn á framfæri sömu foreldra sem reka þurfa tvö heimili og hið opinbera mismunar foreldrum á grundvelli búsetufyrirkomulags.

Vægt til orða tekið og með fullri virðingu fyrir öðrum jafnréttismálum þá skortir sennilega hvergi meira á jafnrétti á Íslandi en í málefnum barna og foreldra þeirra þegar foreldrar búa ekki saman. Ef feður væru í yfirgnæfandi meirihluta lögheimilisforeldrar barna þegar foreldrar búa ekki saman þá værum við öll sammála um að foreldrajafrétti væri mikilvægt jafnréttismál. Að gera ekki áfram ráð fyrir fulltrúa frá Félagi um foreldrajafrétti í jafnréttisráði er einkennandi fyrir það hversu skammt á veg

löggjafar- og framkvæmdarvaldið er komið í jafnrétti kynjanna þegar kemur að hlutverkum foreldra í uppeldi og umönnun barna.

Félagið leggur því til að Foreldrajafrétti verði áfram með fulltrúa í jafnréttisráði svo þar verði rödd þeirra sem fara hvað verst úti í kynbundinni mismunun gagnvart foreldrum. Slík mismunun bitnar ekki hvað síst á börnum.

Fulltrúar Foreldrajafréttis óska eftir því að koma til fundar við nefndina og einstaka þingmenn til þess að fjalla nánar um frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Foreldrajafréttis,

Heimir Hilmarsson